

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um gæsluvarðhald
og fangelsisvistun útlendinga.

Frá Eyjólfí Ármannssyni.

1. Hversu oft kröfðust stjórnvöld gæsluvarðhalds yfir útlendingum og hversu lengi í senn á grundvelli 115. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, ár hvert 2016–2022?
2. Hversu margir útlendingar voru vistaðir í fangelsinu á Hólmsheiði og hversu lengi í senn vegna þess að flytja átti þá úr landi, svo sem á grundvelli d- eða g-liðar 1. mgr. 115. gr. laga um útlendinga, ár hvert 2016–2022?

Skriflegt svar óskast.